

# Styrkir úr Lýðheilsusjóði 2021

Lýðheilsusjóður óskar eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum til heilsueflingar og forvarna á sviði **geðræktar, næringar, hreyfingar og tannverndar** auk **áfengis-, vímu- og tóbaksvarna**.

Áhersla er lögð á eftirfarandi:

- *Aðgerðir sem miða að því að efla geðheilsu.*
- *Aðgerðir til að efla félagsfærni og draga úr einmanaleika.*
- *Aðgerðir sem miða að heilbrigðu mataræði, svefni og hreyfingu.*
- *Áfengis, vímu- og tóbaksvarnir.*
- *Verkefni sem tengjast kynheilbrigði.*
- *Verkefni sem beinast að minnihlutahópum til að stuðla að jöfnuði til heilsu.*

Við úthlutun verður tekið mið af eftirfarandi stefnum:

- Lýðheilsustefna og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi
- Stefna í áfengis- og vímuvörnum til 2020
- Stefna og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum til 2020

Verkefni sem uppfylla eftirtalin skilyrði hafa forgang:

- Verkefni sem unnin eru í víðtæku samstarfi hagsmunaaðila í samfélaginu.
- Verkefni með eigin fjármögnun og/eða aðra fjármögnun.

**Verkefnin eiga að byggja á faglegum grunni og hafa raunhæf og skýr markmið. Gera þarf grein fyrir því hvernig árangur verkefnis verður metinn og skal skila framvinduskýrslu að verkefni loknu.**

**Umsóknarfrestur er til og með 15. október 2020 og skal sótt um á vefsvæði Lýðheilsusjóðs, <http://lydheilsusjodur.sidan.is/pages/>.**

Nánari upplýsingar í síma 510 1900 eða á vef Embættis landlæknis.  
Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum í gegnum vefsvæði sjóðsins.